

**212. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í Miðjunni, Dalbraut 4,
27. september 2021 og hófst hann kl. 16:15.**

Fundinn sátu:

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Karl Jóhann Haagensen byggingarfulltrúi, Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi, Hafdís Sigurpórsdóttir fulltrúi og Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri.

Fundargerð ritaði: Hafdís Sigurpórsdóttir, fulltrúi.

Ólafur Adolfsson, Sverrir Pálmarsson og Karl Jóhann Haagensen tóku þátt í fundinum í gegnum fjarfundarbúnaðinn Teams.

Fyrir tekið:

1. 2106089 - Fjöliðjan uppbygging á húsnæði - starfshópur

Sameiginlegur fundur bæjarráðs, skipulags- og umhverfisráðs og velferðar- og mannréttindaráðs.

Lögð fram grunnmynd arkitekts að aðaluppdrætti að uppbyggingu Fjöliðjunnar og kynnt fyrir fulltrúum ráðanna.

Guðmundur Páll Jónsson forstöðumaður Fjöliðjunnar og Sverrir Pálmarsson frá SPH consulting ehf. sitja fundinn undir þessum lið.

Sverrir Pálmarsson fer yfir aðaluppdrátt og kynnti með hvaða hætti innra skipulag væri háttað.

Guðmundur Páll og Sverrir víkja af fundi.

2. 2108162 - Fundargerðir - Starfshópur um uppbyggingu Fjöliðjunnar vinnu- og hæfingarstað

Fundargerðir - Starfshópur um uppbyggingu Fjöliðjunnar vinnu- og hæfingarstað.

Lagðar fram fimm fundargerðir starfshóps um uppbyggingu Fjöliðjunnar.

3. 2011121 - Reynigrund 45 - breyting úti umsókn um byggingarleyfi

Lagt fram minnisblað byggingar-/skipulagsfulltrúa varðandi grenndarkynningu.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til að grenndarkynnt verði breyting á húsi við Reynigrund 45, skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynnt verði fyrir Reynigrund 1, 3, 5, 42, 43, 44, 46 og 47.

4. 2108092 - Grundaskóli - Færanlegar kennslustofur útboð

Opnuð voru tilboð 27. september 2021, í verkið "Grundaskóli kennslustofur 2021 jarðvinna og lagnir."

Eftirfarandi tilboð bárust:

Roc ehf. kr. 7.789.144

Skóflan hf. kr. 9.300.000

Vélaleiga Halldórs Sigurðssonar ehf. kr. 7.746.990

Kostnaðaráætlun verkkaupa. kr. 7.339.000

Skipulags- og umhverfisráð leggur til að gengið verði til samninga við lágstbjóðanda.

Ólafur Adolfsson samþykkti fundargerðina með rafrænum hætti.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:30.